



Faðir vor

Ég leit eina lilju í holti,
hún lifði hjá steinum á mel.
Svo blíð og svo björt og svo auðmjúk,
en blettinn sinn prýddi hún vel.
Ég veit það er úti um engi,
mörg önnur sem glitrar og skín.
Ég þræti ekki um litinn né ljómann,
en liljan í holtinu er mín.

Þessi lilja er mín lifandi trú,
þessi lilja er mín lifandi trú.
Hún er ljós mitt og von mín og yndi,
þessi lilja er mín lifandi trú.

Og þó að í vindinum visni
á völlum og engjum hvert blóm.
Og haustvindar blási um heiðar
með hörðum og deyðandi róm.
Og veturinn komi með kulda
og klaka og hríðar og snjó.
Hún lifir í hug mér sú lilja
og líf hennar veitir mér fró.

Þessi lilja er mín lifandi trú.
Þessi lilja er mín lifandi trú.
Hún er ljós mitt og von mín og yndi.
Þessi lilja er mín lifandi trú.

Norskt lag – Þorsteinn Gíslason / Skarpheiður Guðmundsdóttir



Moldun

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

Foersom – Sveinbjörn Egilsson

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

Foersom – Matthías Jochumsson

Blessun


Eftirspil

Adagio / Tomaso Albinoni



Prestur: Sr. Ninna Sif Svavarsdóttir
Organisti: Jón Bjarnason
Kórsöngur: Voces Masculorum
Einsöngur: Jógvan Hansen
Tónlist fyrir athöfn:
Guðmundur Vilhjálmsson og Bragi Vilhjálmsson
Umsjón: Fylgd

*Aðstandendur þakka innilega fyrir samúð og vinarhug
og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar
á Hótel Örk að athöfn lokinni.*



Hrefna Guðmundsdóttir

*Fædd 5. júlí 1927
Dáin 8. nóvember 2022*



*Útför frá Hveragerðiskirkju
mánudaginn 21. nóvember 2022*

Forspil
Máriuvers / Páll Ísólfsón

Bæn

Dag í senn, eitt andartak í einu,
eilíf náð þín, faðir, gefur mér.
Mun ég þurfa þá að kvíða neinu,
þegar Guð minn fyrir öllu sér?
Hann sem miðlar mér af gæsku sinni
minna daga skammt af sæld og þraut,
sér til þess, að færa leið ég finni
fyrir skrefið hvert á lífs míns braut.

Hann, sem er mér allar stundir nærri,
á við hverjum vanda svar og ráð,
máttur hans er allri hugsun hærri,
heilög elska, viska, föðurnáð.
Morgundagsins þörf ég þekki eigi,
það er nóg, að Drottinn segir mér:
Náðin mín skal nægja hverjum degi,
nú í dag ég styð og hjálpa þér.

Guð, ég fæ af fyrirheitum þínum
frið og styrk, sem ekkert buga má.
Auk mér trú og haltu huga mínum
helgum lífsins vegi þínum á,
svo að ég af hjartabeli hreinu,
hvað sem mætir, geti átt með þér
daginn hvern, eitt andartak í einu,
uns til þín í ljóssins heim ég fer.

Lina Sandell-Berg – Sigurbjörn Einarsson

Ritningarlestur



Heyr, himna smiður,
hvers skáldið biður,
komi mjúk til mín
miskunnin þín.
Því heit eg á þig,
þú hefur skaptan mig,
ég er þrællinn þinn,
þú ert Drottinn minn.

Guð, heit eg á þig,
að græðir mig,
minnst, mildingur, mín,
mest þurfum þín.
Ryð þú, röðla gramur,
ríklyndur og framur,
hólds hverri sorg
úr hjartaborg.

Gæt, mildingur, mín,
mest þurfum þín
helst hverja stund
á hölda grund.
Set, meyjjar mögur,
máls efni fögur,
öll er hjálp af þér,
í hjarta mér.

Þorkell Sigurbjörnsson – Kolbeinn Tumason

Ritningarlestur

Heyr mína bæn, mildasti blær.
Berðu kveðju mína' yfir höf
syngdu honum saknaðarljóð.
Vanga hans blítt vermir þú sól,
vörum mjúkum, kysstu hans brá
ástarorð hvísla mér frá.

Syngið þið fuglar ykkar fegursta ljóðaval
flytjið honum í indælum óði ástarljóð mitt.

Heyr mína bæn, bára við strönd,
blítt þú vaggar, honum við barm,
þar til svefninn sígur á brá.
Draumheimi í, dveljum við þá,
daga langa saman tvö ein.
Heyr mínar bænir og þrár.

Mario Panzeri – Ólafur Gaukur Þórhallsson

Guðspjall

Einsöngur

Til eru fræ / Merikanto – Davíð Stefánsson



Minningarorð

Einsöngur

Vorkvöld í Reykjavík / Evert Taube – Sigurður Þórarinnsson

Bæn

Sérhver draumur lifir aðeins eina nótt
sérhver alda rís en hnígur jafnan skjótt
hverju orði fylgir þögn
og þögnin hverfur alltof fljótt.

En þó að augnablikið aldrei fylli stund
skaltu eiga við það mikilvægan fund
því að tár sem þerrað burt
aldrei nær að græða grund.

Líttu sérhvert sólarlag,
sem þitt hinsta væri það.
Því morgni eftir orðinn dag
enginn gengur vísum að.

Þú veist að tímans köldu fjötra enginn flýr
enginn frá hans löngu glímu aftur snýr.
Því skaltu fanga þessa stund
því fegurðin í henni býr.

Líttu sérhvert sólarlag,
sem þitt hinsta væri það.
Því morgni eftir orðinn dag
enginn gengur vísum að.

Bragi Valdimar Skúlason

